



Evrópuráðs-
samningur
um
aðgerðir
gegn
mansali



Eftirlitskerfi

COUNCIL OF EUROPE



CONSEIL DE L'EUROPE



HVER ER TILGANGUR SAMNINGSINS?

■ Tilgangur Evrópuráðssamnings um aðgerðir gegn mansali, sem gekk í gildi 1. febrúar 2008, er að koma í veg fyrir mansal, vernda fórnarlömb og sækja til saka þá sem standa fyrir mansali. Samningurinn nær til hvers kyns mansals (innanlands sem landa á milli, hvort sem það tengist skipulagðri glæpastarfsemi eður ei) og allra þolenda mansals (kvenna, karla og barna), sem og hvers kyns misneytingar. Samningurinn felur einnig í sér ráðstafanir til að stuðla að samræmingu aðgerða einstakra ríkja og efla alþjóðlega samvinnu.

■ Aukið vægi samningsins felst einna helst í því að áhersla er lögð á mannréttindi og verndun þolenda. Samningurinn skilgreinir mansal sem brot á mannréttindum og brot gegn reisn og friðhelgi manneskjunnar. Þetta þýðir að stjórnvöld bera ábyrgðina ef ekki er gripið til aðgerða til þess að koma í veg fyrir mansal, þess gætt að þolendur séu verndaðir og mansalstilfelli rannsökuð með skilvirkum hætti.

■ Mansal er alheimsfyrirbrigði og án landamæra. Samningurinn skiptir því máli í öllum ríkjum heims og á erindi til þeirra allra.



HVERNIG ER FYLGST MEÐ FRAMKVÆMD SAMNINGSINS?

Með samningnum var sett á stofn óháð eftirlitskerfi til að meta hversu vel ákvæðum hans er fylgt eftir. Þetta eftirlitskerfi er talið vera einn helsti styrkur samningsins og er að undirstöðu tvíþætt: annars vegar hópur sérfræðinga um aðgerðir gegn mansali (GRETA) og hins vegar nefnd samningsaðilanna.

Hvað er GRETA?

Sérfræðingahópurinn um aðgerðir gegn mansali, GRETA, gerir reglulegar úttektir á framkvæmd samningsins innan þeirra ríkja sem hafa fullgilt hann. Í GRETA sitja 15 óháðir og óhlutdrægir sérfræðingar frá samningsaðilum. Hópurinn er með víðtæka reynslu og margvíslegan bakgrunn (lögfræðingar, embættismenn í löggæslu, sálfræðingar, læknar, fulltrúar borgaralegs samfélags, o.s.frv.) og eru meðlimir valdir á grundvelli starfsreynslu þeirra á því sviði sem samningurinn nær til. Skipunartími meðlima GRETA er fjögur ár og má endurskipa þá einu sinni.

Hvernig sinnir GRETA eftirlitshlutverki sínu?

■ Eftirlitsstarfsemi GRETA skiptist í fjórar lotur. Við upphaf hvorrar þeirra skilgreinir GRETA þau ákvæði samningsins sem hafa skal eftirlit með og tekur ákvörðun um hvaða aðferð sé best til þess fallin að inna af hendi úttektina.

■ Í eftirliti sínu beitir GRETA ýmsum aðferðum við að safna upplýsingum. GRETA sendir til að byrja með spurningalista til yfirvalda þess lands sem meta skal. GRETA greinir síðan þær upplýsingar sem gefnar eru og, ef nauðsyn þykir, leitar frekari upplýsinga til útskýringar eða viðbótar við uppgefn svör.

■ Auk þess að senda spurningalista heimsækir GRETA viðkomandi land. Slíkar heimsóknir gefa færi á ítarlegum samræðum við embættismenn, lögregluþyröld, saksóknara, þingmenn og aðra viðeigandi hagsmunaaðila.

■ Úttektarheimsóknir gefa GRETA einnig færi á að heimsækja þá staði sem veita þolendum mansals aðhlyningu. Þannig gæti GRETA farið fram á að heimsækja athvörf eða heimili fyrir fórnarlömb mansals sem rekin eru af yfirvöldum eða frjálsum félagasamtökum, miðstöðvar fyrir hælisleitendur eða útlendinga sem dvelja í landinu án tilskilins leyfis, varðstaði við landamæri eða sjúkrahús. Þessar heimsóknir gera það mögulegt að fylgjast með skilvirkni þeirra ráðstafana sem gerðar voru við innleiðingu samningsins.



HLUTVERK BORGARALEGS SAMFÉLAGS

Bein tengsl við borgaralegt samfélag eru mikilvæg í heimildavinnu GRETA. Í úttektarheimsóknum sínum heldur GRETA fundi með fulltrúum frjálsra félagasamtaka og öðrum fulltrúum borgaralegs samfélags (til dæmis fulltrúum verkalýðsfélaga, lögmanna, fræða- og háskólasamfélags) með hlutdeild í aðgerðum gegn mansali. GRETA getur ákveðið að beina spurningum sínum til frjálsra félagasamtaka eða leita á annan hátt upplýsinga hjá þeim og öðrum meðlimum borgaralegs samfélags sem hafa aðgang að áreiðanlegum heimildum og geta staðfest upplýsingarnar eins og við á.

SKÝRSLUR GRETA

Skýrslur GRETA og landsúttektir innihalda greiningu og mat á ráðstöfunum viðkomandi ríkis í aðgerðum þess gegn mansali. GRETA leggur þar einnig fram tillögur um hvernig styrkja megi framkvæmd samningsins. Skýrslurnar eru útbúnar í anda uppbyggilegrar samvinnu og ætlað að aðstoða ríki í átaki þeirra og aðgerðum gegn mansali.

GRETA skoðar drög að landsúttektum á allsherjarfundum sínum. Skýrsludrögin eru síðan send til viðkomandi yfirvalda og þau beðin um athugasemdir, sem tekið er tillit til þegar GRETA setur saman lokaskýrslu. Lokaskýrslan er send til viðkomandi yfirvalda og þeim boðið að koma á framfæri frekari athugasemdum. Skýrslan frá GRETA, ásamt öllum athugasemdum yfirvalda, er síðan birt opinberlega.

NEFND SAMNINGSADILANNA

Önnur uppistaða eftirlitskerfisins, nefnd samningsaðilanna, er samansett af landsfulltrúum þeirra ríkja sem hafa fullgilt samninginn. Á grundvelli landsúttekta frá GRETA leyfist nefnd samningsaðilanna að samþykkja og senda til einstakra ríkja tilmæli varðandi þær ráðstafanir sem grípa þarf til samkvæmt niðurstöðum GRETA.



FRÁ EFTIRLITI TIL STUÐNINGSFRAMKVÆMDA

■ Gildi eftirlitsaðgerða Evrópuráðssamningsins gegn mansali er þrjúþætt:

- ▶ þær virða og hvetja til þess að viðtækum skuldbindingum samningsins sé fylgt;
- ▶ þær veita sérhannaðar leiðbeiningar fyrir hvert land til að takast betur á við áskoranir og hindranir;
- ▶ þær mynda vettvang fyrir alþjóðlega samvinnu þar sem deila má upplýsingum og góðum starfsvenjum og gera alþjóðasamfélagið meðvitað um nýjustu stefnur og strauma, en með því er hægt að hvetja til sameiginlegra aðgerða og taka á vandamálum.

■ Nálgastr má niðurstöður eftirlitsins og skýrslur á veraldarvefnum og er vísað í þær af öllum þeim sem koma að baráttunni gegn mansali. Evrópuráðið styður einnig ríkisstjórnir við innleiðingu samningsins og við innleiðingu þeirra tilmæla sem beint hefur verið til yfirvalda í úttekta- og eftirlitsferlinu.

Fyrir upplýsingar og til þess að hafa samband:

Secretariat of the Council of Europe Convention on Action against
Trafficking in Human Beings (GRETA and Committee of the Parties)

Council of Europe

F-67075 Strasbourg Cedex

Frakkland / France

Netfang / email: Trafficking@coe.int

www.coe.int/trafficking